



HEILBRIGÐIS - OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

REYKJAVÍK
Alþingi

Sjúkratryggingadeild
Tryggingastofnunar ríkisins
Laugavegi 114
150 Reykjavík

1 2. nóv. 1993

Erindi nr. B 117/90

komudagur 22/11 1993

TILV. RÁÐUNEYTIS DAGS.

3230 11. nóvember 1993

Með tilvísun til bréfs frá sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. nóvember sl. þar sem gerðar eru tillögur um endurgreiðslu læknis- og lyfjakostnaðar, sbr. reglur nr. 231/1993 staðfestir ráðuneytið hér með eftirfarandi viðmiðunarmörk.

Árstekjur	Grunnkostnaður		Þátttaka TR umfram grunnkostnað
	1/2 ár	1 ár	
0 - 999.999	18.000 kr.	36.000 kr.	90%
1.000.000 - 1.999.999	30.000 kr.	60.000 kr.	75%
2.000.000 - 2.999.999	42.000 kr.	84.000 kr.	60%
> 3.000.000			0

Einstaklingar með sama fjölskyldunúmeri skv. skilgreiningu Hagstofu Íslands skulu teljast einn einstaklingur.

Einstaklingur/fjölskylda greiðir grunnkostnað sem hækkar með hækkandi tekjum, en fær endurgreitt hlutfall af útgjöldum umfram grunnkostnaðinn. Endurgreiðsluhlutfallið hækkar með lækkandi tekjum.

Þegar árstekjur hafa náð 3.000.000 kr. er ekki lengur um endurgreiðslu að ræða samkvæmt þessum reglum.

Tekjur miðast við árstekjur árið á undan, en grunnkostnaður miðast við hálf almanaksár í senn. Ekki verður greidd út lægri upphæð en kr. 500.

Ofangreindur grunnkostnaður skal fylgja breytingum á bótum almannatrygginga.

Judith A. M. Wær

Emmels R. Marinóse

REGLUR

um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar og lyfja.

1. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt, í samræmi við reglur þessar, að endurgreiða sjúkratryggðum, að hluta eða að fullu, útgjöld vegna læknishjálpar og lyfja, enda teljast þau umtalsverð miðað við tekjur sjúkratryggðs eða fjölskyldu hans.

2. gr.

Endurgreiðslur samkvæmt reglum þessum taka til eftirfarandi læknis- og lyfjakostnaðar sjúkratryggðs, sem stofnast hefur hérlandis:

- a. Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við heimsóknir á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjanir lækna, sérfræðilæknishjálpar, þar með taldar heimsóknir á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku, rannsóknir og röntgengreiningu, sbr. 2.–8. gr. rg. nr. 14/1993 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.
- b. Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við nauðsynleg lyf, sbr. 3.–4. gr. og 6.–8. gr. rg. nr. 515/1992 um greiðslur almannatryggingar á lyfjakostnaði.
- c. Kostnaður sjúkratryggðs vegna annarra lyfseðilsskyldra lyfja, sbr. b-lið, sem sjúkratryggður þarf að neyta. Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar getur krafist læknisvottorðs um þörf sjúkratryggðs á þessum lyfjum.

3. gr.

Sjúkratryggður skal sanna útgjöld sín vegna læknis- og lyfjakostnaðar með framlögðum kvittunum, sem bera með sér nafn útgefanda, tegund þjónustu, fjárhæð, greiðsludag ásamt nafni og kennitölu hins sjúkratryggða.

4. gr.

Við mat á því hvort endurgreiða skuli sjúkratryggðum útgjöld vegna læknishjálpar og lyfja skal leggja til grundvallar útgjöld sjúkratryggðs eða fjölskyldu að teknu tilliti til vergra heimilistekna.

5. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að endurgreiða að hluta eða að fullu útgjöld sem sjúkratryggður hefur sannanlega haft vegna læknis- og lyfjakostnaðar á hálfu almanaksári í senn.

Umsóknum vegna endurgreiðslna samkvæmt reglum þessum skal skilað til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboða hennar eigi síðar en 1. september fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní og 1. mars fyrir tímabilið 1. júlí – 31. desember.

6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum, eins og ákvæðinu var breytt með 1. gr. laga nr. 74/1993, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. júní 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.